



Reykjavík 21. október 2025

Úrskurður um óhlutgengi

Þessi úrskurður er kveðinn upp af Lyfjæftirliti Íslands (hér eftir „LÍ“), skv. grein 7 í Alþjóða-lyfjareglunum og lyfjareglum Lyfjæftirlits Íslands vegna máls AAF-3894547003.

Málsatvik

Þann 21. ágúst 2025 undirgekkst Þorsteinn Bárðarson, iðkandi í Tindi hjólréiðafélagi og íþróttamaður á landsstigi skv. lyfjareglum Lyfjæftirlits Íslands, kt. 050475-xxxx (hér eftir „íþróttamaðurinn“) lyfjæftirlit í keppni í hjólréiðum (Íslandsmót í criterium), sem fól í sér þvagsýnatöku þar sem þvagsýninu var svo skipt í tvær flöskur, A-sýni og B-sýni, sem voru merktar 8077865.

Bæði sýnin voru flutt á World Anti-Doping Agency (WADA) vottaða rannsóknarstofu í Stokkhólmi, nánar tiltekið á Karolinska University Hospital. Rannsóknarstofan greindi A-sýnið skv. verklagsreglum sem útlistaðar eru í alþjóðlegum staðli WADA um rannsóknarstofur. Greining á A-sýni skilaði afbrigðilegri niðurstöðu (adverse analytical finding) fyrir eftirfarandi:

Í flokki S1.2; Önnur anabólísk efni:

- **SARMS LGD-4033 (ligandrol) og niðurbrotsefni þess (4R,5R)-4-([4-Cyano-3-(trifluoromethyl)-phenyl]amino)-6,6,6-trifluoro-5-hydroxyhexanoic acid**
- **SARMS Ostarine**
- **SARMS RAD140**

Í flokki S4; Hormón- og efnaskiptamiðlarar:

- **androsta-3,5-diene-7,17-dione (arimistane) metabolite 7 8-Hydroxy-arimistane**

Öll framantalin efni eru á bannlista WADA innan og utan keppni árið 2025.

Íþróttamanninum var tilkynnt um niðurstöðurnar með bréfi dags. 22. september 2025, og gefinn kostur á að útskýra niðurstöðurnar annaðhvort á fundi með LÍ, eða skriflega. Íþróttamaðurinn var úrskurðaður í bráðabirgðabann þennan dag, sem hann andmælti hvorki né áfrýjaði.

Þann 28. september barst LÍ bréf frá íþróttamanninum þar sem hann viðurkennir greiningu A-sýnis, afsalar sér réttinum til greiningar á B-sýni og afsalar sér einnig rétti til skýrslugjafar. Einnig óskaði hann eftir því að LÍ gæfi út skriflegan úrskurð, með von um styttingu óhlutgengis fyrir vilja til



játningar og skjótra svara.

Þann 7. október sendi LÍ bréf á íþróttamanninn þar sem óskað var svara við spurningum er m.a. tengdust uppruna, tíðni og sögu notkunar á þeim efnum sem fundust í sýninu.

12. október svaraði íþróttamaðurinn skriflega spurningalista frá LÍ þar sem fram kom að öll efnin sem fundust í sýninu voru tekin í aðeins eitt skipti, og þar af leiðandi í fyrsta og síðasta skipti, þann 19. ágúst 2025. Jafnframt tilgreindi íþróttamaður notkun á testósteróni í sprautuformi skv. læknisráði og meðferðar vegna heilaæxlis í heiladingli, sem hann hafi ekki viljað nefna á fyrri stigum. Íþróttamaður kvaðst hafa fundið fyrir miklum einkennum á þessum tímapunkti og látið til leiðast að nota testósterónið, sem útskýrði tilvist Arimistane í sýninu hans. Einnig tók íþróttamaðurinn fram að hann ætlaði sér að hætta keppnum á þessum tímapunkti en tók skyndiákvörðun um að keppa í umræddu móti. Íþróttamaður vissi að testósterón væri ekki leyfilegt í íþróttum, og kvaðst ekki hafa vitað að hægt væri að sækja um undanþágu fyrir notkuninni fyrr en þetta mál kom upp. SARMS-efnin kvaðst íþróttamaðurinn hafa notað í sama tilgangi og testósterónið, þ.e. „örva náttúrulega hormónaframleiðslu“. Varðandi uppruna efnanna sem fundust í sýninu kvaðst íþróttamaðurinn hafa pantað öll SARMS-efnin á netinu á erlendra vefsíðu, en hafi talið þau vera leyfileg, og þau hafi verið í formi fæðubótarefnis.

Í bréfi dags. 15. október óskaði LÍ eftir nánari útskýringum og gögnum varðandi testósterónnotkunina, þ.m.t. lyfjaávisunum sem staðfestu notkun testósteróns í lækisfræðilegum tilgangi þann 19. ágúst, ásamt því að taka afstöðu til að skila inn lækisfræðilegum gögnum og sögu testósterónnotkunar í tengslum við umrædda heilbrigðismeðferð og fékk hann sendar lækisfræðilegar skýringar vegna kynkirtlavanseyingu (hypogonadism). Einnig var óskað eftir uppruna Arimistane, sem íþróttamaður sagðist hafa notað í tengslum við testósterónnotkunina. Ennfremur var óskað eftir kaupnótum eða kvittunum fyrir kaupum á fæðubótarefni sem innihélt SARMS, og staðfestingu á að íþróttamaður hefði efnið undir höndum.

Með tölvupósti þann 19. október ítrekaði íþróttamaðurinn að hann viðurkenndi inntöku á efnunum sem fundust í sýninu hans, og að ástæða inntökunnar væri „áriðandi meðferð á testósterónskorti sem er bein af afleiðing af heilaæxli“. Í póstinum kvaðst íþróttamaður telja sig því uppfylla skilyrði a-liðar gr. 4.1. í undanþágureglum WADA (*alþjóðastaðli fyrir undanþágur*) fyrir afturvirkri umsókn um undanþágu vegna efnanna (a. „*Emergency or urgent treatment of a medical condition was necessary*“). Þá taldi hann sig einnig uppfylla skilyrði a-d liða gr. 4.2 í sömu reglum, vegna testósterón inntökunnar 19. ágúst, þar sem testósterónið væri ráðlögð meðferð við greindum veikindum, og enginn annar leyfður kostur gæti komið í stað þess, og notkun miðaði að því að halda eðlilegum gildum en ekki meira en það. Einnig ítrekaði íþróttamaðurinn að SARMS-efnin hefðu verið tekin í sama tilgangi og að hann vissi ekki að þau væru á bannlista WADA. Þar sem SARMS-efnin voru ekki tekin að lækisráði kvaðst íþróttamaður ekki telja annað en að árangur hans frá 19. ágúst verði ógildur og að hann verði „óhlutgengur í einhvern tíma“. Í tölvupóstinum kemur fram að hann telur sig eiga rétt á styttingu óhlutgengis þar sem hann viðurkenndi strax brotið. Í ljósi þessa sér íþróttamaður ekki tilgang í að sækja um undanþágu fyrir SARMS-efnum afturvirkir.

Íþróttamaður segist hafa stundað íþróttina sem áhugamál eingöngu og hafi því engra hagsmuna að gæta, en vildi lágmarka það álag sem málsmeðferð veldur honum og fjölskyldu sinni og því viðurkenndi hann brotið með von um skjóta og réttláta málsmeðferð. Vegna þessa telur íþróttamaður framlagningu á viðkvæmum heilbrigðisgögnum bæði tilgangslausa, ganga of nærri



friðhelgi einkalífs hans og fjölskyldu hans og draga málsmeðferðina að óþörfu. Að lokum kvaðst íþróttamaður afsala sér skýrslugjöf og óskaði eftir skriflegum úrskurði sbr. gr. 8.3.1 og 8.3.3 í lyfjareglum LÍ. Íþróttamaður kvaðst óska eftir að í úrskurðinum yrði tekið tillit til undanbragðalausrar viðurkenningar og þeirra sjónarmiða er hann hefur lagt fram. Að lokum óskaði hann eftir að í úrskurði komi fram sjónarmið hans um ástæðu fyrir inntöku efnanna og ástæðu þess að að hann kys að leggja ekki fram frekari gögn.

Forsendur og viðurlög samkvæmt lyfjareglum

Ekki liggur fyrir undanþága vegna notkunar efnanna í lækningaskyni (TUE) til þess að réttlæta tilvist efnisins í líkama íþróttamannsins; og einnig varð ekki frávik frá alþjóðlegum staðli fyrir lyfjapróf og rannsóknir eða frá alþjóðlegum staðli fyrir rannsóknarstofur sem gæti hafa orsakað þessa afbrigðilegu niðurstöðu.

Samkvæmt lyfjareglum Lyfjaeftirlits Íslands, brjóta ofangreind málsatvik í bága við eftirfarandi ákvæði lyfjareglna:

1. Tilvist bannaðs efnis eða niðurbrotsefnis/umbrotsefnis eða annara lífvísa sem finnast í líkamssýnum, sbr. grein 2.1 í lyfjareglunum, vegna tilvists bannaðra efna og niðurbrotsefna í sýninu sem tekið var þann 21. ágúst. Íþróttamanni er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans. Íþróttamenn bera ábyrgð á bönnuðu efni, niðurbrotsefni þess eða annarra lífvísa sem finnast í líkamssýnum þeirra. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, vanrækslu eða meðvitaða notkun íþróttamannsins til að staðfesta brot á lyfjamisnotkun samkvæmt grein 2.1.

2. Notkun á bönnuðu efni sbr. gr. 2.2 í lyfjareglum LÍ. Íþróttamanni er skylt að tryggja að ekkert bannað efni fari inn í líkama hans og að engin bönnuð aðferð sé notuð. Samkvæmt því er ekki nauðsynlegt að sýna fram á ásetning, mistök, vanrækslu eða meðvitaða notkun íþróttamannsins til að staðfesta brot á reglum um notkun bannaðs efnis eða aðferðar.

Í ljósi þess að íþróttamaður hafnaði beiðni um að skila gögnum er rökstyðja eða sýna fram á heilbrigðismeðferð með testósteróni telst slík notkun vera brot á gr. 2.2. Skilyrði í ákvæðum alþjóðlegs staðals um undanþágur koma ekki til greina þar sem engin gögn önnur en vitnisburður íþróttamanns liggja til grundvallar notkuninni.

Brotin fela ekki í sér sérstaklega tilgreind efni og ekki er sýnt fram á brotið hafi ekki verið að yfirlögðu ráði af hálfu íþróttamanns skv. gr. 10.2.1, eru viðurlögin við því fjögurra (4) ára óhlutgengi.

3. Versnandi kringumstæður sbr. gr. 10.4 í lyfjareglum LÍ, vegna fjölda efna sem liggja til grundvallar lyfjamisnotkuninni, þ.e. fjögur (4) efni sem fundust í greiningu á lífssýni íþróttamanns og einu (1) efni sem sannað er með vitnisburði íþróttamanns að hafi auk þess verið notað samtímis.

Versnandi kringumstæður eiga hér við þar sem íþróttamaðurinn notaði mörg bönnuð efni samtímis, sem réttlætir lengra tímabils óhlutgengis en kveður á um í gr. 10.2.1 í lyfjareglum LÍ.



Samkvæmt gögnum málsins hefur ípróttamaðurinn viðurkennt notkun á þremur mismunandi tegundum af SARMS-efnum, auk testósteróns og Arimistane, sem er arómatasahemjandi efni sem almennt er notað til að draga úr eða fela hormónabreytingar í kjölfar steranotkunar, og er ekki notað í heilbrigðismeðferðum. Lí telur að samhliða notkun þessara efna bendi til markvissrar og úthugsaðrar lyfjanotkunar í þeim tilgangi að ná fram árangursbætandi áhrifum og stýra lífeðlisfræðilegum afleiðingum notkunar stera og SARMS-efna.

Ípróttamaðurinn hefur borið því við að notkun efna hafi verið samkvæmt læknisráði, en hann hefur neitað að leggja fram nein læknisfræðileg gögn sem staðfesta slíka meðferð. Í ljósi þess verður ekki fallist á að testósterónnotkunin hafi verið lögmæt eða verið í samræmi við vitnisburð ípróttamanns.

Jafnframt hefur ípróttamaðurinn viðurkennt að hafa tekið efnin af ásetningi, þó hann kveði sig ekki hafa vitað að þau væru á bannlista. Lí bendir á að samkvæmt 2.1 lyfjareglanna ber ípróttamaður ábyrgð á öllum efnum sem finnast í líkama hans, og vanþekking á bannlistanum leysir hann ekki undan ábyrgð.

Að mati Lí ber háttsemin merki skipulagðrar og vísvitandi notkunar bannaðra efna, þar sem bæði fjöldi efna og eðli þeirra sýna fram á þekkingu á samverkandi áhrifum og viðleitni til að stjórna hormónakerfi líkamans.

Þá er það sérstaklega ámælisvert að ípróttamaður skyldi neita að leggja fram gögn sem hefðu getað skýrt tilvist læknisfræðilegrar ástæðu fyrir notkun testósteróns þann 19. ágúst 2025.

Með hliðsjón af framangreindu telur Lí að um sé að ræða alvarlegt og úthugsað brot á lyfjareglum í ípróttum. Þessi háttsemi fellur undir versnandi kringumstæður í skilningi 10.4 gr. lyfjareglna Lí og réttlætir því að viðurlög verði þyngd.

Ípróttamaður kveðst ekki hafa fengið fræðslu um lyfjamál á ferlinum, en skv. lyfjareglum Lí er kveðið á um skyldu ípróttamanna til þess að þekkja og fara eftir lyfjareglunum.



Afleiðingar

Á grundvelli alls framangreinds, og þar sem íþróttamaður hefur ekki áður gerst brotlegur við lyfjareglur LÍ er kveðinn upp svohljóðandi úrskurður:

Þorsteinn Bárðarson er úrskurðaður í sex (6) ára óhlutgengi, frá 21. ágúst 2025 að telja. Honum er á því tímabili óheimilt að taka að neinu leyti þátt í keppni og æfingum, eða starfssemi (annarri en heimilaðri fræðslu um lyfjamál eða meðferðarstarfi) eða öðrum viðburðum á vegum aðila sem heyra undir undirritunaraðila Alþjóðalyfjareglanna. Allur árangur í keppni frá og með 19. ágúst 2025 er hér með ógildur, þar með talið öll stigastöfnun og verðlaunafé.

Óhlutgengi má að hluta til fella niður ef íþróttamaður veitir á einhverjum tímapunkti umtalsverða aðstoð við að finna eða sýna fram á brot á lyfjareglum skv. grein 10.7.

Óhlutgengi getur íþróttamaður stýtt sjálfkrafa um eitt (1) ár með því að samþykkja þennan úrskurð skriflega innan 20 daga frá móttöku. Íþróttamaður samþykkti úrskurðinn innan þess tímafrests og stýttist því óhlutgengi um eitt (1) ár og verður fimm (5) ár, frá 21. ágúst 2025 að telja, til og með 20. ágúst 2030.

Virðingarfyllst,

Skúli Skúlason
PhD. Pharmaceutical Sciences

Fyrir hönd
Lyfjæftirlit Íslands / Anti-Doping Iceland

Cc: UCI/WADA